

Fimmtudaginn 4. maí 1995.

Nr. 187/1993.

**Íslandsbanki hf.**

(Jón G. Briem hrl.)

gegn

**Gunnari Guðmundssyni og**

**Halldóri Guðmundssyni**

(Kristján Stefánsson hrl.)

**og gagnsök**

Niðurfelling máls. Útivist. Málskostnaður.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma Markús Sigurbjörnsson hæstaréttardómari, Arn-  
ljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari, og Bjarni K. Bjarnason,  
fyrirverandi hæstaréttardómari.

Aðaláfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 11. maí  
1993. Með bréfi 3. apríl 1995 var því lýst yfir af hálfu aðaláfrýjanda,  
að hann félli frá áfrýjun fyrir sitt leyti, og var ekki sótt þing af hans  
hálfu við munnlegan flutning málsins.

Gagnáfrýjendur skutu málinu til Hæstaréttar með stefnu 25. maí  
1993. Þeir krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms að öðru leyti en  
um málskostnað, sem þeir krefjast úr hendi aðaláfrýjanda, auk  
málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Með vísan til 1. mgr. 105. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einka-  
mála, sbr. 166. gr. laganna, eins og henni var breytt með lögum nr.  
38/1994, er aðalsök fyrir Hæstarétti felld niður.

Með hliðsjón af atvikum málsins er rétt að staðfesta ákvæði hins  
áfrýjaða dóms um málskostnað. Dæma ber aðaláfrýjanda til að  
greiða gagnáfrýjendum í sameiningu málskostnað fyrir Hæstarétti,  
svo sem í dómsorði greinir.

### **D ó m s o r ð:**

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Aðaláfrýjandi, Íslandsbanki hf., greiði gagnáfrýjendum,  
Gunnari Guðmundssyni og Halldóri Guðmundssyni, sam-  
eiginlega 70.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.